

UMSÖGN HAFNARFJARÐARBÆJAR UM SAMGÖNGUÁÆTLUN 2013-2016

Mál nr. 495. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunarum samgönguáætlun 2013-2016, mál nr. 495. Umsagnarfrestur er til 30. apríl 2014. Hér fer á eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tillöguna, tekin saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra Skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa og Helgu Stefánsdóttur verkfræðingi á Umhverfis- og framkvæmdasviði. Samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 28.04.14, og fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 30.04.14. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

Hafnarfjarðarbær fagnar auknum áherslum á almenningssamgöngur og göngu-og hjólastíga, einkum uppbyggingu stofnstíga í Hafnarfirði á tímabili áætlunarinnar.

Hafnarfjarðarbær leggur til að eftirfarandi aðkallandi verkefni fari inn á samgönguáætlun 2013-2016:

1. Tvöföldun Reykjanesbrautar 1. áfangi, mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg.
2. Krýsuvíkurvegur - gerð hringtorgs við Hellnahraun II og Velli.
3. Fjarðarhraun frá Flatahrauni að Engidal – endurgerð götu, breytingar á tengingum.
4. Kaldárselsvegur milli Ofanbyggðarvegur og Reykjanesbrautar – endurgerð vegar.

Jafnframt leggur Hafnarfjarðarbær áherslu á að lokið verði við tvöföldun Reykjanesbrautar milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegar. Huga má að áfangaskiptingu ef slíkt flýtir fyrir framgangi verkefnisins, og er einkum mikilvægt að flýta fyrsta áfanga verksins, kaflann milli Strandgötu og Krýsuvíkurvegar með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg, sem er mikið umferðaröryggisatriði auk þess að vera nauðsynleg samgöngubót. Huga þarf að kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélagsins í því sambandi.

Mikilvægt er að flýta endurbótum á Bláfjallavegi þar sem hann fer um viðkvæmt vatnsverndarsvæði og mengunarslys á honum gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir vatnsból höfuðborgarsvæðisins.

Þá vill Hafnarfjarðarbær ítreka mikilvægi þess að Ofanbyggðarvegur í Hafnarfirði fari inn á vegaskrá þar sem ljóst er vegurinn gegnir mikilvægu hlutverki í veltengingum á höfuðborgarsvæðinu. Reykjanesbraut mun ekki anna allri umferðinni sem skapast hér á suðursvæðunum í framtíðinni.

28.04.2014
Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi